

93. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 15. maí, kl. 17:00, í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eyþórsdóttir, Helgi B. Haraldsson, Guðmundur B. Kristinsson, Björgvin Ólafsson, Þorbergur Bæringsson, Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Deiliskipulagstillaga af íbúðabyggð við Tjarnarmýri dags. 23.02 2007. Vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.
Erindi frestað.

2. Deiliskipulagstillaga lögð fram að nýju af íbúðabyggð við Móholt / Búðanesveg dags. 5.03.'07. Tillagan var í auglýsingu frá 29. mars til 10. maí 2007. Engar athugasemdir bárust.
Lagt er til að deiliskipulagstillaga verði samþykkt.

Björgvin sat hjá undir lið 3.

3. Deiliskipulagstillaga af óverulegri breytingu á deiliskipulagi við Laufásveg nr. 4. Tillagan var í grenndarkynningu til og með 27. apríl 2007. Athugasemdir bárust frá Helga Eiríkssyni Aðalgötu nr. 11, þar sem hann lýsir sig andvígán því að byggt verði ofan á Laufásveg nr. 4.
Tillagan gerir ráð fyrir möguleika á að byggja að hluta til ofan á húsið, allt að 1.6 m. Hámarkshæð við mæni yrði þá 5.9 m, í stað 4.3 m áður. Vegghæð hússins breytist ekki. Byggingarreitir fyrir ofanábyggingu er staðsettur 3.3 m frá göflum hússins og 2.2 m frá langhliðum þess og hefur því óveruleg sjónræn áhrif frá húsi við Aðalgötu nr. 11. Nefndin leggur til að deiliskipulagstillagan verði samþykkt.

4. Ríkharður Hrafnkelsson f.h. golfklúbbsins Mostra óskar eftir afmörkun á landi gólfvallarins sbr. tillöguteikningu og bréf dags. 15.03.'07. Erindi vísað af bæjarráði.
a) Nefndin leggur til að á reitur merktur A á teikningu verði hluti af tjaldsvæði en ekki hluti af golfvelli. b) Að öryggismörk golfvallarsvæðis við lóðir Vikurhverfis verði skilgreind í samningi við Mostra. c) Að viðræður fari fram við Skógræktarfélag Stykkishólms og Golfklúbbsins Mostra vegna skörunar á lóðarmörkum sbr. reitir C á teikningu.

Helgi sat hjá undir lið 5.

5. Tillaga að lóðarafmörkun vatnstanks Orkuveitu Reykjavíkur við Skólastíg nr. 17.a.
Nefndin leggur til að lóð verði hringlaga og nái 1m út fyrir tankinn með aðkomu frá Skólastíg.

6. Hjörleifur Sigurþórsson f.h. eigenda Skólastígs nr. 12 sækir um að rífa húsið og byggja nýtt samkvæmt teikningum dags. mars '07. Einnig er sótt um afmörkun á lóð. Stærðir: 108,1 m², 275,4m³.
Umsögn frá Húsfriðunarnefnd Ríkisins liggur fyrir dags. 4.05.'07.
Erindi frestað og óskað eftir nýjum tillögum vegna eftirfarandi athugasemda nefndar: a) Að lega húss verði óbreytt á lóð b) Að gert verði ráð fyrir einu bílastæði á lóðinni.
7. Staðsetningar á gangbrautum. Erindi vísað til nefndar af bæjarráði.
Nefndin leggur til að:
a) Gangbrautir og gangbrautamerki verði yfir Aðalgötu við Tjarnarás og við Búðanesveg.
b) Gangbrautir verði yfir Tjarnarás við Tjarnarhólma og við Búðanesveg.
c) Gangbraut verði yfir Búðanesveg við Búðanes.
8. Óskað er eftir staðsetja auglýsingaskilti (sem er laus standur), fyrir Norska húsið í námunda við upplýsingamiðstöð.
Erindi vísað til byggingarfulltrúa.
9. Pétur Geirsson óskar eftir að staðsetja undirmerki fyrir Hótel Stykkishólm samkvæmt bréfi dags.7. 05.2007.
Erindi samþykkt.
10. Björgvin Guðmundsson Hjallatanga nr. 8, óskar eftir að byggja sólstofu sbr. teikningu frá Sveini Ingólfssyni móttekin dags. 8. maí 2007. Stærðir: 12 m², 29m³.
Erindi samþykkt.
11. Lagt fram erindi frá Þorgrími Kristinssyni og Gerði H. Sigurðardóttur, Víkurflöt nr. 7 um endurbætur á lóð samkvæmt teikningu. Skriflegt samþykki lóðarhafa Víkurflatar nr. 9 liggur fyrir.
Erindi samþykkt.
12. Lögð fram teikning til kynningar af stækkun á kirkjugarði frá teiknistofunni Landark dags 13.04.'07.
Nefndin tekur jákvætt í erindið.
13. Önnur mál.
13.a. Nefndin óskar eftir upplýsingum á breyttri notkun á efri hæð atvinnuhúsnæðisins við Reitarveg nr. 12.

Fleira var ekki rætt. Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:20.

